



Högni Gunnarsson

Bjarni Benediktsson – Högni Gunnarsson – Félag ungra sjálfstæðismanna - Fylkir

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísafirði 23 des. 1938.

Herra próessor

B j a r n i B e n e d i k t s s o n

R e y k j a v i k

1. des. s.l. var hjer endurvakið fjelag ungra sjálfstæðismanna "Fylkir", og bendir margt til að all mikið líf og fjör sje að farast yfir hina yngri sjálfstæðismenn okkar, sem síst var vanþörf á, og gefur það auknar sigurvonir, ef vel er áhaldið.

Það er nú svo að eldri sjálfstæðismenn hjer eru fyrir löngu lúnir orðnir, -þ.e.s. þeir sem ekki eru þegar flúnir skattþvingur, og hverskonar ójafnað, og yfiringang, -svo að án þess að kasta steini að nokkrum okkar manna, má segja, að aðeins eru hjer tveir menn sem halda uppi vörnum á fundum og mannamótum, þeir Jón Auðunn og Arngrímur, sem látur þó margt betur en starfa saman.

Þessir menn eiga eins og gengur að baki sje langa og erfiða lífsbaráttu, lífsbaráttu sem andstaðingar okkar hafa leikið sjer að, hætt og svívirt, og hefur því mjög viljað sækja í það horf, að aðeins vörn, hefur verið viðkomið, af hendi okkar manna, fyrir sína egin hönd, en sókn viljað fara í mola eða fallið niður með öllu, og er slikt aðstaða hin erfiðasta og líður allur flokkur okkar hjer af stór tján.

Jeg vil hjer með fyrir hönd ~~Þess~~ Fylkis snúa mjer til yðar, sem væntanlegs þingmanns okkar, og fela yður til fyrirgreiðslu þetta:

Að rannsóka og beita yður fyrir að ~~Þess~~ Toróðsen eða annar hafur maður komi hingað til 2-4 vikna dvalar, sem leiðbeinandi þeirra fjelaga Fylkis er álitlegir þykja og vilja notfara sjer tilsögn í ræðu - flutningi og rökfræði, og að reynslunnú fenginni, bendi á 2-3 hafustu unglíngana til áframhaldandi náms á vantanlegum skóla sjálfstæðismanna í Reykjavík næsta ár.

Jeg veit að jeg þarf ekki að fjölyrða frekar við yður um þörf okkar hjer, því þaði þekkið þjer það að nokkru, og skiljið hinsvegar að með dauðsfalli eða burtflutningi eins eða tveggja manna, eru við upp settir að kalla, svo hörmulega erum við staddir.

Jeg er þess full viss að nú er fullkomið reyðuleysi, og nær því flótti í rauðu herbúðunum, og andúð vaxandi hjá þorra manns, og er því lífsspurasmál að reka flóttan, því ella á maður á hættu að skepnurnar jarmi sig saman aftur.

Hin marg þráðu húsakaup, eru nú orðin að veruleika, og gefur það xök okkur nyjan og betri grundvöll til að starfa á ~~þess~~ fjelagslega, enda ~~þess~~ hefur það verið óspart notað undanfarið, en til þess að haldgott framhald verði á starfsemiinni, þarf að koma nytt blóð, og með það í fararbroddi, berjast unz yfir líkur.

Hvað kostnaði viðvíkur, ef úr verður, vil jeg taka fram að oss mun takast að fáða og hysa á 1 mann hjer fyrir milligöngu Fylkis ~~þess~~ og aðstoð góðra manna. En hvað laun áhrærið, þá er Fylkir mjög fátákt fjelag, en þó mun eitthvað úr restast ef á því ætlar að stranda.

Vona að þjer sjáið ástæðu til að svara þessum línun mínum, og þá helst sem fyrst.

Mínar bestu jólaðskir hjer með.

Virðingarfyllst

Hjónmáðurinn